




Dagrenning við Hornbjarg eftir Jón Stefánsson.

Fimm nýjar listaverkaeftirprentanir frá Helgafelli

Í síðustu viku var skýrt í fréttum frá tveim nýjum málverkaprentunum frá Helgafelli og í dag bætast enn fimm myndir í hópinn. Hafa þá alls verið endurprentaðar 19 myndir eftir ýmsa af kunnustu myndlistarmönnum Íslendinga.

Myndir þær, sem Helgafell sendir á markaðinn í dag, eru eins og hinar fyrri með afbrigðum vel unnar. Tvær þeirra eftir Jóhannes Kjarval, ein eftir Jón Stefánsson, ein eftir Gunnlaug Scheving og ein eftir Ásgerði Búadóttur.

Önnur af myndum Kjarvals nefnist **Fjallamjólk**, olíumálverk af Flosagjá og Þingvöllum, mál- að einhvern tíma á fjórða áratugnum. Þetta er eitt af sérstæðustu verkum listamannsins og mynd af því í listaverkabók hans. Hin myndin eftir Kjarval er einnig olíumálverk, fantasía sem listamaðurinn hefur í bili gefið nafnið **Íslands er það lag**. Að mynd þessari hefur Kjarval unnið mjög lengi, rúman áratug, og lauk við hana fyrir skömmu.

Mynd Jóns Stefánssonar er **Dagrenning við Hornbjarg**, olíumálverk sem listamaðurinn lauk við á s.l. ári. Málverk þetta var á sýningu í Kaupmannahöfn í fyrrahaust og hlaut þá afburða góða dóma gagnrýnenda; var myndin í sumum Hafnarblaðanna kölluð eitt af afreksverkum norræns anda.

Hver fékk hálfa milljón?

Í gær var dregið, 12. flokki Vöruhappdrættis S. í. B. S. Dregið var um 1000 vinninga að fjárhæð kr. 1.375.000,00.

Hæstu vinningar komu á eftirtalin númer:

Kr. 500.000,00 nr. 31116.
Kr. 100.000,00 nr. 8491
Kr. 50.000,00 nr. 11583
Kr. 10.000,00 nr. 687 5673 10649
11116 11908 17061 37368 38225
45998 52954 54100.
Kr. 5.000,00 nr. 3533 5451 7238
10484 10840 16514 16732 20669
23008 26527 27335 27746 31294
38936 43793 46551 47983 49872
51279 62186 63295.
(Birt án ábyrgðar).

Mynd Gunnlaugs Schevings, **Gamla búðin**, er í hópi beztu verka hans, olíumálverk.

Vefnaðarmynd Ásgerðar Búadóttur er sú hin sama og sýnd var á alþjóðlegu listiðnaðarsýningunni í München í Þýskalandi fyrir tveim árum. Þar var myndin meðal 5000 sýningarmuna frá 60 þjóðlöndum og hlaut gullverðlaun, eins og kunnugt er af fréttum.

Skaftfellingafélagið sýnir nýja kvikmynd úr Skaftafellssþingi

Myndin sýnir ýmsa atvinnu- og lífnaðarhætti, sem nú eru alveg að hverfa

Á morgun kl. 1.30 e.h. verður myndin „Í skjóli jöklanna — Svipmyndir úr Skaftafellssþingi“, sem Vigfús Sigurgeirsson hefur gert fyrir kvikmyndasjóð Skaftfellinga, sýnd í Austurbæjarbíói.

Kvikmyndasjóður Skaftfellinga, sem hefur látið gera myndina, er deild úr Skaftfellingafélaginu í Reykjavík. Var hann stofnaður 1952. Er honum ætlað að taka kvikmyndir í Skaftafellssýslum af landslagi, fólkinu er sýslurnar byggir, atvinnu þess og menningu. Stjórn sjóðsins, en hana skipa Ólafur Pálsson, Haukur Þorleifsson, Björn Magnússon, Benedikt Stefánsson og Jón Aðalsteinn Jónsson, hefur einkum lagt kapp á að taka myndir, sem sýna atvinnu- og lífnaðarhætti, sem eru að hverfa eða eru horfnir, og fjallar myndin „Í skjóli jöklanna“ um slík efni.

Myndin er skipt í fjóra hluta og eru þeir þessir:

Kvöldvaka. Þar er sýnd kvöldvaka í sveit, svo sem þar munu hafa tíðkast um og fyrir síðustu aldamót. Reynt er að sýna sem réttasta mynd af vinnubrögðum, klæðaburði fólksins og aðbúnaði.

Tillögurnar

Framhald af 1. síðu.

Þessu verði varið til íbúðabygginga á þeim grundvelli, að tryggt sé, að brask með þær íbúðir geti ekki komið til greina. Reykjavík 1.12. 1958.

Nánar mun rætt um einstaka þætti þessara mála næstu daga.

Stúdentaráð kynnir verk Þórbergs

Stúdentaráð Háskóla Íslands gengst fyrir kynningu á verkum Þórbergs Þórðarsonar næstkomandi sunnudag í hátíðasal háskólans kl. 14.15. Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur flytur er-

ÞJÓÐVILJINN

Laugardagur 6. desember 1958 — 23. árgangur — 279. tölublað

Síðustu hljómsveitartónleikarnir fyrir jól

Páll Ísólfsen stjórnar Sinfóníuhljómsveitinni á þriðjudagskvöldið

Síðustu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands fyrir jól verða í Þjóðleikhúsinu á þriðjudagskvöldið. Stjórnandi verður dr. Páll Ísólfsen en einleikari með hljómsveitinni Jörunn Viðar.

Á efnisskránni eru þrjú verk: Ossianforleikurinn og 1. eftir Niels W. Gade, Pianókoncert í D-dúr K. 537 eftir Mozart (Krýningarkonsertinn) og loks Sinfónía nr. 1 í C-dúr op. 21 eftir Beethoven. Hljómsveitin hefur áður flutt sinfóníuna nokkrum sinnum, en forleikurinn og konsertinn eru nú fluttir í fyrsta sinn á opinberum tónleikum hér. Niels Wilhelm Gade var danskt tónskáld, samtíðarmaður Mendelssohns og samverkamaður við Gewandhaus-konsertana í Leipzig. Má réttilega segja að Gade hafi verið það tónskáld á Norð-

urlöndum, sem vann sér viðurkenningu úti um heim, einkum fyrir Ossianforleikinn.

Tónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar hefjast í Þjóðleikhúsinu kl. 8.30 á þriðjudagskvöldið.

Gamla Heidelberg sýnt á Akranesi

Akranesj í gær. Frá fréttar. Þjóðviljans.

Leikfélag Akraness og Karlakórinn Svanur frumsýndu í gær kvöldi kl. 8.30 Gamla Heidelberg, sjónleik í 5 þáttum, eftir Wilhelm Meyer Förster. Æfingar á sjónleik þessum hafa staðið yfir undanfarið undir leikstjórn Ragnhildar Steingrímsdóttur frá Akureyri, en undirleik hefur frú Sigríður Auðuns á Akranesi annast. Allir búningar eru fengnir að láni frá Þjóðleikhúsinu. Aðalleikendur eru Sigurborg Sigurjónsdóttir, Baldur Ólafsson, Júlíus Kolbeinsson og Óðinn Geirdal.

Hvert sæti var skipað í Bíóhöllinni og að sýningu lokinni var leikendum fagnað ákaflega og það maklega. Mun það almannarómur að aldrei hafi leikendum tekizt betur, að fáum undanteknum.

Bæjarstjóri þakkaði með raðu.

Formaður Leikfélags Akraness er Þórður Hjálmsón og formður Karlakórsins Svans Stefán Björnsson.

Fyrsta ljóðabók Arnfríðar Jónatansdóttur

Þröskuldur hússins er þjóll heitir ný ljóðabók sem út er komin eftir Arnfríði Jónatansdóttur.

Bókin er 47 blaðiður að stærð og í henni 18 ljóð, sem bera þessi heiti: Barn vildi byggja, Þú vitjar mín, Haust, Vaka, Snjólag, Þrá, Í garði Rímustef, Læstir dagar 1-10, Jól, Þegjandinn, Kvöld, Á strætum, Morgunkaffið, Lát hvarma skýla, Leikur, Til Þingvalla, Vor. — Bókin er prentuð í Hólum, en útgefandi er Heimskringla.

Arnfríður Jónatansdóttir, er áður kunn fyrir ýms ljóð hennar, sem birzt hafa í blöðum og tímaritum, en Þröskuldur hússins er þjóll er fyrsta ljóðabókin eftir hana sem út kemur.

indi um skáldið, en að því loknu verður lesið úr verkum þess. Upplesarar verða Lárus Pálsson leikari, Brynja Benediktsdóttir, Tryggvi Gíslason, Bolli Gústafsson og Bernharður Guðmundsson.


Bókmenntakynningar eru nú orðinn fastur liður í félagsstarfsemi háskólastudenta og hafa jafnan verið vel sóttar og þótt takast vel. Er skemmst að minnast síðustu bókmenntakynningar



Þórbergur Þórðarson.

á ljóðum ungra skálda, sem var hvorttveggja í senn nýstárleg og þörf.

Öllum er heimill aðgangur að bókmenntakynningum þessum.



Munið að gera skil í Happdrætti Þjóðviljans